

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 Borgarnes

Garðabær, 14. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0035
IAS

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, tillaga, stækkun íbúðasvæðis og færsla á hringvegi um Borgarnes.

Vísað er í erindi í gegnum skipulagsgátt frá Borgarbyggð, dagsett 7. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, stækkun á íbúðasvæði Í12 og færsla á hringvegi um Borgarnes.

Fyrirhugað er að stækka núverandi íbúðarsvæði Í12 og gera breytingu á hringvegi um Borgarnes til þess að skapa meira rými fyrir stækkun á íbúðarsvæðinu og færa veginn fjær byggðinni. Breytingar á hringveginum fela í sér færslu á um 1,5 km kafla en að öðru leyti er haldið í leiðarval sem fyrir liggur í gildandi Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna en samkvæmt henni verður enn meira rask á leirusvæðum en fyrri tillögur um hringveg um Borgarnes sem stofnunin hefur fengið til umsagnar og því eru fyrri athugasemdir ítrekaðar hér.

Ljóst er að allir valkostir um færslu hringvegar, nema tillaga 1-2 sem gerir ekki ráð fyrir færslu suðaustur fyrir byggðina, munu valda miklu raski á leirusvæðum sem og öðrum fjörusvæðum og þar af leiðandi líklega töluvert neikvæðum áhrifum fyrir lífríki svæðisins. Að mati Náttúrufræðistofnunar verður að framkvæma ítarlegar náttúrufarsrannsóknir á svæðinu þar sem lagt er mat á grunnástand helstu náttúrufarsþátta sem og á áhrif framkvæmdarinnar. Meðal þess sem þarf að rannsaka er fuglalíf, botndýralíf, gróður, jarðminjar og áhrif á landslag og hvort ólíkir valkostir hafi mismunandi áhrif á t.d. vistgerðir, fæðuöflunarsvæði fugla, jarðminjar o.fl.

Ef af skipulagstillögunni verður ætti einnig að horfa til mótvægisáðgerða sem m.a. geta falist í öflugri verndun á sambærilegum svæðum. Þar má nefna að vestan við Borgarnes eru lífrík fjörusvæði sem eru innan tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár. Tillagan "Mýrar-Löngufjörur" er víðfeðm enda strandsvæði á Mýrum og yst í Borgarfirði eitt af mikilvægustu svæðum landsins fyrir líffræðilega fjölbreytni. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti hiklaust að horfa til friðlýsingar eða friðunar vistgerða og búsvæða fugla á svæðum eins og í Borgarvogi, Langárós, Straumfirði og víðar sem mótvægisáðgerðir við röskun svæða sunnan og austan byggðar ef af færslu hringvegarins verður.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um nauðsynlegar náttúrufarsrannsóknir og skipulagstillöguna almennt og áskilur sér einnig rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

